

Fréttatilkynning

Rekstur á þriðja ársfjórðungi

- Tekjur Brims af vörusölu voru 116 milljónir evra á fjórðungnum en var 92 milljónir evra á sama tíma í fyrra. Auknar sölutekjur skýrast af sölu uppsjávarafurða og aukinni veltu sölufélaga.
- EBITDA hagnaður fjórðungsins var 34 milljónir evra og jókst hann um 8,4 milljónir evra frá sama tíma fyrra ári. Meginástæða aukins hagnaðar er betri afkoma uppsjávarviðs.
- Hagnaður fjórðungsins var 23,2 milljónir evra og hækkar um 3,3 m€ milli ára, í hagnaði á þriðja fjórðungi fyrra árs var söluhagnaður skips uppá 3,0 m€.
- Botnfiskaflinn var 11.300 tonn á tímabilinu á móti 13.200 tonnum á fyrra ári, helsta breytingin er minni þorskaflí.
- Uppsjávarskip félagsins veiddu 29.300 tonn af makríl og síld á tímabilinu á móti 21.300 tonnum á fyrra ári.
- Efnahagur félagsins er sterkur, heildareignir 876 milljónir evra og eiginfjárhlutfall 51%.

EUR '000	3F 2022	3F 2021	9M 2022	9M 2021
Seldar vörur	111.576	91.557	353.864	291.636
Kostnaðarverð seldra vara	(76.131)	(65.670)	(241.935)	(225.353)
Vergur hagnaður	35.445	25.887	111.929	66.283
Aðrar tekjur		2.983		2.983
Útflutningskostnaður	(2.675)	(1.866)	(8.864)	(5.762)
Annar rekstrarkostnaður	(2.561)	(2.290)	(13.047)	(7.370)
Rekstrarhagnaður	30.209	24.714	90.018	56.134
Fjáreignatekjur	335	987	1.996	3.020
Fjármagnsgjöld	(1.804)	(1.818)	(5.530)	(5.784)
Gengismunur	674	231	1.650	(152)
Áhrif hlutdeildarféлага	228	86	2.062	651
Hagnaður fyrir tekjuskatt	29.642	24.200	90.196	53.869
Tekjuskattur	(6.427)	(4.334)	(18.123)	(10.776)
Hagnaður tímabilsins	23.215	19.866	72.073	43.093
EBITDA	34.196	25.778	102.283	65.511
EBITDA%	30,6%	28,2%	28,9%	22,5%

Fréttatilkynning

LYKILTÖLUR EFNAHAGS			
EUR '000	30.09.2022	31.12.2021	30.09.2021
Fastafjármunir	578.719	627.546	636.939
Veltufjármunir	297.199	168.360	135.388
Eignir samtals	875.918	795.906	772.327
Eigið fé	446.289	398.406	366.602
Langtímaskuldir	142.266	334.733	315.891
Skammtímaskuldir	287.363	62.767	89.834
Eigið fé og skuldir	875.918	795.906	772.327
Veltufjárhlutfall	1,0	2,7	1,5
Eiginfjárhlutfall	51,0%	50,1%	47,5%
Nettó vaxtaberandi skuldir	129.277	207.796	248.786

LYKILTÖLUR SJÓÐSTREYMI		
EUR '000	2022 1.1.-30.9.	2021 1.1.-30.9.
Handbært fé fá rekstri	63.926	61.937
Fjárfestingarhreyfingar	44.424	3.907
Fjármögnunarhreyfingar	(26.794)	(48.601)
Hækkun á handbæru fé	81.556	17.243
Handbært fé í lok tímabilsins	158.445	38.839

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri:

„Afkoma fjórðungsins er góð og ánægjulegt að sjá hvað rekstur félagsins er orðinn stöðugur. Þrátt fyrir óvissu í Evrópu núna vegna stríðs og mikillar hækkunar á orkuverði hefur sala á afurðum Brims gengið vel. Erfitt er að spá um hvað gerist á okkar afurðamörkuðum á næstu mánuðum en það styrkir Brim að vera með sínar afurðir í mörgum heimsálfum. Sterkt og gott sölunet styrkir alla þætti starfseminnar á tímum eins og núna. Efnahagur félagsins er traustur og eiginfjárstaðan góð og þess vegna getur Brim haldið áfram að fjárfesta í mikilvægum hlekkjum virðiskeðjunnar.

Fréttatilkynning

Í október undirritaði Brim samkomulag um kaup á 50 prósentu hlut í dönsku alþjóðlegu sölu- og framleiðslufélagi á sjávarafurðum, Polar Seafood Denmark, og markar það upphaf á samvinnu okkar við þetta sterka félag. Jafnframt eru þessi kaup liður í að styrkja alla hlekki í virðiskeðju Brims.

Meginniðurstöður janúar – september færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi fyrstu níu mánuði ársins 2022 (1 evra = 140,96 ísk) voru tekjur 49,9 milljarðar króna, EBITDA 14,4 milljarðar og hagnaður 10,2 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á gengi 30. september 2022 (1 evra = 140,9 ísk) voru eignir samtals 123,4 milljarðar króna, skuldir 60,5 milljarðar og eigið fé 62,9 milljarðar.

Hluthafar

Lokaverð hlutabréfa 30. september 2022 var 83,25 kr. á hlut og var markaðsvirði félagsins þá 160 milljarðar króna. Fjöldi hluthafa var 1.826.

Samþykkt árshlutareiknings

Árshlutareikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum Brims hf. 17. nóvember 2022. Árshlutareikningurinn er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS – International Financial Reporting Standards).

Kynningarfundur þann 17. nóvember 2022

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og fjárfesta verður haldinn fimmtudaginn 17. nóvember klukkan 16:30 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1. Guðmundur Kristjánsson forstjóri félagsins kynnir uppgjórið og svarar spurningum. Fundinum verður jafnframt streymt og hægt verður að fylgjast með fundinum á www.brim.is/streymi. Velkomið er að senda spurningar fyrir fundinn eða á meðan fundi stendur á netfangið fjarfestatengsl@brim.is. Aðsendum spurningum verður svarað í lok fundar.

Brim hf.

Brim er öflugt sjávarútvegsfyrirtæki sem starfar í sátt við samfélagið og umhverfið. Við stuðlum að verðmætasköpun í sjávarútvegi með vöruþróun, tæknilausnum og öflugu starfsfólki. Við tryggjum með ábyrgum veiðum og vinnslu, þar sem áhersla er á sjálfbærni og nýsköpun, að sjávarútvegur verði áfram burðarstólpi í íslensku samfélagi. Við leitum allra leiða til að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið hvort sem er á sjó eða í landi.

Fjárhagsdagatal

Fjórði ársfjórðungur 24. febrúar 2023

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kristjánsson forstjóri, sími 550-1000.